

Ed.

345. Frumvarp

til laga um kynbætur nautgripa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 8 mánaða ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er nautgriparæktarfelag, skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Nefndin skal kosin í fyrsta sinni á vorhreppaskilapingi 1928, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Nú er nautgriparæktarfelag starfandi í hreppnum, viðurkennt og styrkt af Búnaðarfelagi Íslands, og er þá stjórn þess sjálfkjörin kynbótanefnd og hefir allar sömu skyldur og rjettindi sem kynbótanefnd kosin á almennum sveitarfundi hefir eftir lögum þessum.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan sjeu til innan hrepps eða utan hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum. Naut þau, sem kynbótanefnd velur í þessu skyni, skal hún taka á leigu, kaupa eða tryggja hreppsbum afnot þeirra á annan hátt, eftir því sem hún hefir heimildir til og telur rjett. Semur hún þá um leiguna eða afnotin, svo og um greiðsluskilmála. Skal nefndin gera hreppsbum ráðstafanir sínar kunnar, og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem til þess hafa verið valin af kynbótanefnd.

Nú eru einhverjir hreppsbum svo afskektir, að þeir geta ekki notað naut í samlögum við aðra, og er þá kynbótanefnd rjett að undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem starfsemi þessari fylgja.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að nautgripakynbótum, nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann í felagi o. s. frv.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir, að þau geti engan skaða gert. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

4. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á nautgripasýningum, sem Búnaðarfelag Íslands hefir styrkt, skal merkja með aluminium-merki í hægra eyra, og sjeu í það mót-aðir stafirnir Kn, og skal sjá um, að þessi merki sjeu jafnan glögg.

Nú sannast, að einhver hefir merkt naut þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi það ekki hlotið verðlaun eins og fyrir segir, og varðar það sektum. Taka má slíkt naut, hvar sem það hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa því sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Öll naut eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýst af. Taka má slíkt naut, hvar sem þau hittast, nema í öruggri vörslu sjeu, og ráðstafa þeim sem óskilagripum og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist naut merkt Kn í hægri eyra gæslulaust án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er það var valið fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga gæslu, og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart, svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er ekki vitjað og eigi er greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjöggra vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður, hirðingu, kostnað við girðingu o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári, þó svo, að aldrei verði hærra gjald en 8 kr. fyrir hverja kú. Skulu eigendur greiða gjald þetta árlega til kynbótanefndar, eða þeirra manna, er hún felur innheimtuna, á þeim tíma, er hún tiltekur, og er gjaldið lögtakskræft. Nú verður kostnaður meiri en hámarksgjaldi nemur á hverja kú, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi út af greiðslu kostnaðarins.

8. gr.

Nautgripakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála. Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilapingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum, er renna að

hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem risa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögglumál.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna getur atvinnumálaráðherra sett með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1928.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 20. nóvember 1905, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.